

Siðareglur DSÍ

Hér er að finna tillögu að siðareglum DSÍ, sem lagðar verði fyrir Dansþing 2014. Siðareglurnar eru í samræmi við þær reglur sem Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands hefur sett sér ásamt hegðunarviðmiðum, sem samþykkt voru á þingi ÍSÍ árið 2011. Siðareglur þessar breyta í engu öðrum lögum og reglum DSÍ sem í gildi eru. Markmið DSÍ með siðareglum þessum er að veita dansíþróttafélögum og félagsmönnum þeirra almennar jákvæðar og hvetjandi leiðbeiningar í leik og starfi. Þær skal kynna öllum félagsmönnum. Siðareglurnar eiga við um alla kjörna aðila og starfsmenn DSÍ, dansíþróttafélög, foreldra og iðkendur:

Fyrir iðkendur

1. Gerðu alltaf þitt besta.
2. Taktu þátt á þínum eigin forsendum.
3. Berðu virðingu fyrir reglum dansíþróttarinnar.
4. Berðu virðingu fyrir öllum iðkendum og aðilum sem koma að dansíþróttinni.
5. Tjáðu þig af virðingu um og við aðra iðkendur, keppendur, þjálfara, dómara og félagsmenn dansíþróttarinnar, einnig á vefsíðum og öðrum samskiptamiðlum.
6. Mundu að þú er fyrirmynd fyrir þá sem yngri eru.

Fyrir foreldra og forráðamenn

1. Mundu að barnið þitt tekur þátt vegna eigin ánægju og á sínum eigin forsendum.
2. Hvettu barnið til þátttöku og sýndu því stuðning.
3. Kenndu barninu að fylgja reglum dansíþróttarinnar.
4. Sýndu öllum börnum í dansíþróttinni stuðning og hvatningu.
5. Vertu jákvæð/ur, líka þegar á móti blæs.
6. Berðu virðingu fyrir ákvörðunum dómara og annarra starfsmanna danssambandsins.
7. Upplýstu um stríðni og/eða áreitni.
8. Tjáðu þig af virðingu um og við aðra iðkendur, keppendur, þjálfara, dómara eða aðra félagsmenn dansíþróttarinnar, á vefsíðum og á öðrum samskiptamiðlum.

9. Lærðu að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá dansíþróttasambandinu og dansfélaginu því án þeirra hefði barnið þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og taka þátt í keppnum

10. Komi upp ágreiningur á æfingu eða á keppni, leitaðu þá ávallt lausna hjá þjálfara, stjórn og mótsstjóra. Aldrei veitast að iðkanda.

Fyrir þjálfara

1. Vertu iðkendum þínum góð fyrirmynd.

2. Viðhafðu jákvæða gagnrýni.

3. Berðu virðingu fyrir dansíþróttinni og reglum hennar. Stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama.

4. Tjáðu þig af virðingu um og við aðra þjálfara, iðkendur, keppendur, dómara eða aðra félagsmenn dansíþróttarinnar, á vefsíðum og á öðrum samskiptamiðlum.

5. Skapaðu möguleika fyrir iðkendur til að þroska og nýta hæfileika sína og að æfingar hæfi aldri iðkenda.

6. Komdu eins fram við alla iðkendur og horfðu meira til færni en árangurs.

7. Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.

8. Sæktu reglulega endurmenntun.

9. Leggðu þitt af mörkum til að skapa gott andrúmsloft og félagsleg tengsl.

10. Sýndu athygli og umhyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum.

11. Sinntu iðkendum á æfingum, en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð.

Forðastu

samskipti gegnum síma og Internetið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar.

12. Viðurkenndu rétt iðkandans til að leita til annarra þjálfara þegar hann hefur áhuga fyrir því.

Fyrir stjórnarmenn og starfsmenn

1. Stattu vörð um grunngildi dansíþróttahreyfingarinnar og stuðlaðu að því að sameiginlegum markmiðum verði náð.

2. Stuðlaðu að jöfnum tækifærum allra til þátttöku í dansíþróttinni.

3. Stuðlaðu að því að formlegum og siðferðislegum reglum og venjum sé fylgt.

4. Virtu lýðræðisreglur og gagnsæi við ákvarðanatöku og stjórnaðu samkvæmt reglum um ábyrga fjármálastjórn.
5. Vertu til fyrirmyndar í framkomu. Tjáðu þig af virðingu um og við aðra stjórnarmenn, þjálfara, iðkendur, keppendur, dómara eða aðra félagsmenn dansíþróttarinnar, á vefsíðum og á öðrum samskiptamiðlum.
6. Leystu ágreining og árekstra á sanngjarnan hátt og til samræmis við reglur og venjur dansíþróttahreyfingarinnar.
7. Misnotaðu aldrei aðstöðu þína til að koma eigin hagsmunum á framfæri á kostnað dansíþróttahreyfingarinnar.
8. Gerðu þér grein fyrir trúnaðarskyldum við störf.
9. Tryggðu að persónuleg réttindi þeirra aðila sem þú ert í sambandi við og átt í samskiptum við séu varin, virt og tryggð.
10. Þiggðu aldrei mútur né taktu við umboðslaunum eða loforðum um umboðslaun.